

✉ Re: Deiliskipulag_Hvítanes

Búið til	18.5.2022 11:46:26
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	18.5.2022 11:46:25
Tilheyrir	📁 202204-0010 - Hvítanes - deiliskipulag

Efni

Re: Deiliskipulag_Hvítanes

Upplýsingar

Sent	18.5.2022 11:46:25	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	sigurdur@kjós.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202204-0010 (SS).


Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 6. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir uppbyggingu á Hvítanesi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulagsins þann 19. nóvember 2021. Þar benti stofnunin á ýmis atriði varðandi verndargildi svæðisins m.a. að í Hvalfjörður hefur verið skilgreint mikilvægt fuglasvæði og innarlega í firðinum eru í senn mikilvæg varplönd og vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda. Svæðið hefur að þessum sökum verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun sem tillögusvæði fyrir B-hluta náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/node/21562>) (<https://www.ni.is/node/21562>). Æðarvarp er töluvert og stórir hópar æðarfugla dvelja í firðinum árið um kring. Á veturna dvelur allt að 3% af íslenska flógoðastofninum í innanverðum Hvalfirði og einnig er töluvert af tjaldi og sendlingi í fjörum. Í landi Hvítaness eru einkum grýttar fjörur og smærri sandfjörur inn á milli. Náttúrufræðistofnun benti á að huga þarf að áhrifum uppbyggingar og mögulega aukinnar bátaumferðar tengt áætlaðri starfsemi í Hvítanesi á fuglalíf svæðisins, einkum í fjörum og úti á Hvalfirði.

Einnig var bent á varðandi áform um skógrækt að huga þurfi að því við val á staðsetningu skógræktar og umfang hvort hún hafi áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi, fuglalíf, landslag o.fl.

Þessar almennu ábendingar eiga enn við og þegar deiliskipulagstillagan er skoðuð má sjá að á þremur stöðum er stefnt að einhvers konar uppbyggingu á fjörum eða mjög nálægt þeim. Þar er um að ræða byggingu bryggjuhúss þar sem í dag er lítil bryggja, íbúðarhús og bílskúr allt að 600 m² (reitur B2) alveg upp við fjörna yst á nesinu (en það svæði er þó nokkuð raskað í dag) og uppbygging heitra og kaldra potta í fjöruborðinu austast á nesinu rétt við núverandi bryggju, einnig á frekar röskuðu svæði. Þá er gert ráð fyrir flotbryggju við austurbryggjuna og því líklegt að áætluð bátaumferð á svæðinu verði þónokkur. Við þessa uppbyggingu ætti að hlífa óraskaðri fjöru eins og hægt er og huga þarf mjög vandlega að fráveitu og ofanvatni þ.a. lífríkis fjörunnar stafi ekki ógn af. Þá þarf að gæta þess að smábátaumferð trufli ekki fram úr hófi fuglalíf t.d. er mikið um æðarfugl á svæðinu.

Í deiliskipulagstillögunni eru afmörkuð svæði fyrir fyrirhugaða skógrækt og er hún allviðamikil. Þegar vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar er skoðað sést að á fyrirhuguðu skógræktarsvæði er töluvert um votlendi, sérstaklega næst sjálfu Hvítanesi bæði fyrir neðan og ofan þjóðveginn. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að hlífa þessu votlendi fyrir skógrækt enda geta verið þar búsvæði fugla sem velja sér opin svæði til varps. Frekar ætti að beina skógrækt upp í brekkur norðausturhluta Reynivallahálsins. Það dregur einnig úr ásýndaráhrifum.



Vistgerðakort af Hvítanesi. Guli liturinn sýnir votlendisvistgerðir. Tekið af vistgerðavefsjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>)).

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðahóltsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is ([http://www.ni.is/](http://www.ni.is))



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjos.is>
To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "eftirlit@hev.is" <eftirlit@hev.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "SHS" <shs@shs.is>; "Kjósarveitur ehf" <kjosarveitur@kjos.is>; "Rarik" <rarik@rarik.is>
CC: "Karl Magnús" <Oddviti@kjos.is>; "Regína Hansen Guðbjörnsdóttir" <regina@kjos.is>; "Sigurður Halldórsson" <siggi@glamakim.is>
Subject: Deiliskipulag_Hvítanes
Date: 6.4.2022 13:49:21

Góðan dag.

Sent til umsagnar í samræmi við 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan verður kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu þann 7. febrúar 2022 og var einnig kynnt í Lögbirtingablaðinu þann 5. apríl 2022, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu frá 6. febrúar 2022.

Sjá hér <https://www.kjos.is/is/stjornsysla/kjosarhreppur/frettir/kjosarhreppur-auglysir-skv-41-gr-skipulagslaga-nr-1232010-deiliskipulag-hvitanes-kjosarhreppi>
(<https://www.kjos.is/is/stjornsysla/kjosarhreppur/frettir/kjosarhreppur-auglysir-skv-41-gr-skipulagslaga-nr-1232010-deiliskipulag-hvitanes-kjosarhreppi>)

Hér með er gefin kostur á að koma á framfæri umsögnum/athugasemdum við deiliskipulagið.

Óskað er eftir að umsagnirnar/athugasemdirnar berist eigi síðar en 6 vikum frá dagsetningu þessa tölvupósts.

Kær kveðja,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

Sími 566 7100 / 898 2297

Netfang: skipulag@kjos.is (<mailto:skipulag@kjos.is>)

Viðhengi

image001.png (96 KB)

image002.png (5 KB)